

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - Strengur við Teigarhorn

Umhverfisstofnun hefur móttækið erindi dags. 11. 10. 2017, vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan fólkvang og náttúruvættisins Teigarhorns.

Lýsing framkvæmdar:

Óskað er eftir leyfi fyrir plægingu strengs í gegnum bæði náttúruvættið og fólkvanginn Teigarhorn. Um er að ræða tæplega 4.7 km strenglögna frá tengivirki RARÍK í Teigarhorni að bænum Urðarteigi og eru tæplega 2 km þar af innan friðlýstu svæðanna.

Ráðgert er að strengurinn verði plægður í jarðveg niður á 90 cm dýpi með aðvörunarborða en settur í rör 1,2 m undir Búlandsá. Við lagningu strengsins verður þess gætt að valda sem minnstu jarðraski og að sem minnst ummerki eftir framkvæmdirnar sjáist. Strengurinn sjálfur er 11kV og um 5 sentimetrar í þvermál.

Settar verða niður tvær jarðspennistöðvar, við Svarthamarsvík og bæinn Urðarteig. Hvorug þeirra eru innan þess svæðis sem skilgreint er sem friðlýst. Jarðvegsskipta þarf og koma fyrir undirstöðum undir jarðspennistöðvarnar. Um lítið svæði er að ræða og allar spennistöðvar eru staðsettar nálægt vegum, slóða eða við ræktað land, þannig að jarðrask utan vegar er minniháttar vegna þeirra.

Meðfylgjandi umsókn eru kort, yfirlitsmynd og ljósmyndir sem sýna legu strengsins, þann hluta loflínunnar sem verður fjarlægður og landið þar sem áætlað er að strengurinn muni liggja.

Áætlað er að framkvæmdir við strenglögna og frágangur verði unnin haustið 2017 og að verkið hefjist í október 2017, eða þegar leyfi, efni og tæki eru tilbúin. Verktími er áætlaður 3 vikur.

Ætla má að frá verktaka verði 3-4 starfsmenn að vinna við plægingu, auk þess sem að starfsmaður RARÍK kemur til með að sinna verkefirliti. Tveir starfsmenn RARÍK sjá svo um tengingar þegar þar að kemur. Engin varanleg mannvirki verða sett upp vegna framkvæmdarinnar.

Jarðýta verður notuð við plægingu á strengnum. Strengkeflin verða framan á plægingarýtunni. Beltagrafa verður notuð til að fylgja jarðýtunni og lagfæra ummerki eftir plæginguna. Jarðýtan og beltagrafan munu fylgja strengleiðinni sem sýnd er á korti.

Samkvæmt umsókn mun framkvæmdin ekki fela í sér nein varanleg ummerki á jarðvegi, gróðri eða dýralífi. Gengið verði frá meðfram plógfari þannig að sem minnst ummerki verði eftir verkið. Notuð verður beltagrafa til að draga úr mögulegu álagi á gróður.

Ahrifamat:

Teigarhorn er friðlýst sem fólkvangur skv. auglýsingu í Stj.tíð B, nr. 416/2013 og sem náttúruvætti skv. auglýsingu nr. 417/2013.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd eins og hún kemur fram í leyfisósk, muni valda tímabundnum neikvæðum áhrifum á gróður og ásýnd svæðanna. Umhverfisstofnun telur þó ofangreinda framkvæmd ekki líklega til að hafa varanleg áhrif á verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun telur einnig að fyrirhugaður framkvæmdatími minnki áhrif framkvæmdar á fuglalíf og ásýnd svæðisins.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir plægingu strengs í fólkvangi og náttúruvættinu Teigarhorni að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdaleyfið gildir aðeins ef um er að ræða plægingu í jörð. Feli framkvæmdin í sér niðurgroft á strengnum er framkvæmdin tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum vinnutækja og að mengandi vökvar berist ekki í jarðveg á meðan á framkvæmd stendur.
- Vanda skal allan frágang eftir framkvæmdina og raski haldið í lágmarki.
- Tilkynna skal landverði á Austurlandi, Láru Björnsdóttur, sem fer með eftirlit með framkvæmdinni, a.m.k. tveimur sólarhringum áður en framkvæmdir hefjast innan friðlýstu svæðanna.
- Framkvæmd skal stöðva strax og frávik tilkynna umsvifalaust til Umhverfisstofnunar, finnist geislasteinar þar sem jarðstrengur er lagður.
- Kynna skal fyrir framkvæmdaraðila þau skilyrði sem fylgja leyfinu.


Leyfisgjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Gjaldið er 39.400 krónur.


Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdinni og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Linda Guðmundsdóttir
Sérfræðingur